

Vefrit fjármálaráðuneytisins


22. maí 2008

Mikill aðflutningur til landsins á fyrsta ársfjórðungi

Í nýbirtum tölum Hagstofunnar um búferlaflutninga á fyrsta ársfjórðungi yfirstandandi árs kemur fram að enn er mikill aðflutningur erlendra ríkisborgara til landsins og að brottflutningur þeirra í heild hefur ekki aukist.

Á myndinni má sjá hvernig mismunur á aðfluttum og brottfluttum milli landa hefur þróast frá árinu 2000. Í efnahagslægðinni sem varð skömmu eftir aldamótin fluttust fleiri íslenskir ríkisborgarar á brott en komu til landsins. Á sama tíma dró úr fjölgun erlendra ríkisborgara vegna þess að aðfluttum fækkaði meðan fjöldi brottfluttra stóð í stað. Í uppsveiflu undanfarinna ára voru aðfluttir íslenskir ríkisborgarar einungis fleiri en brottfluttir árið 2005. Útrás íslenskra fyrirtækja kann að eiga sinn þátt í því. Þó ber að hafa í huga að nettóflutningar íslenskra ríkisborgara eru einungis lítið brot af flutningi þeirra inn í landið eða úr því. Því er ólíkt farið með erlendra ríkisborgara. Aðflutningur þeirra hefur vaxið mjög og var mestur árið 2007. Það ár var jafnframt sett met í brottflutningi þeirra sem leiddi til þess að nettóflutningur var töluvert minni en árið 2006 enda fóru þá margir starfsmenn við stóriðju- og virkjanaf framkvæmdirnar úr landi.

Hreinn fólksflutningur frá útlöndum til Íslands (aðfluttir umfram brottflutta) 2000-2008



Á fyrsta ársfjórðungi ársins í ár fluttust hingað til lands 2.816 erlendir ríkisborgarar á meðan 671 þeirra fluttust á brott. Um er að ræða meiri aðflutning en á sama tíma á fyrra ári en einnig minni brottflutning. Ef heldur sem horfir er nýtt metár í uppsiglingu hvað nettóinnflutning erlendra ríkisborgara varðar. Ekki er reiknað með að þetta innstreymi útlendinga til landsins haldi áfram þegar hægja tekur á í efnahagslífinu. Vísendingar eru nokkuð misvísandi um hvort og að hve miklu leyti sé tekið að hægja á í atvinnulífinu. Þannig kemur það einnig nokkuð á óvart að á fyrstu þremur mánuðum ársins hefur aðflutningur íslenskra ríkisborgara aukist og dregið úr brottflutningi þeirra. Ofangreind þróun bendir til að enn hafi verið mikill gangur í atvinnulífinu á fyrsta ársfjórðungi 2008 hvað sem síðar verður.

Tvísköttunarsamningur við Suður-Kóreu

Þann 15. maí sl. var undirritaður samningur milli Íslands og Suður-Kóreu til að komast hjá tvísköttun og nær samningurinn til tekju- og eignaskatta.

Helstu efnisatriði samningsins eru þau að afdráttarskattur af arði er 5% ef móttakandi á a.m.k. 25% í félaginu sem greiðir arðinn en afdráttarskattur er 15% í öllum öðrum tilvikum. Þá var samið um 10% afdráttarskatt af vöxtum. Þó eru vextir sem greiddir eru ákveðnum fjármálastofnum í eigu ríkisins s.s., bönkum og lánasjóðum undanþegnir afdráttarskatti. Einnig var samið um 10% afdráttarskatt af þóknunum en skilgreiningin á þóknunum er frábrugðin þeirri hefð-

bundnu að því leyti að hún nær einnig til þóknana fyrir afnot af vísindabúnaði. Samkvæmt samningnum er frádráttaraðferð (credit method) beitt í því skyni að koma í veg fyrir tvísköttun.

Nokkur önnur atriði í samningnum eru frábrugðin hinni íslensku samningsfyrirmynd og þau helstu eru þessi: Í 4. gr. þar sem fjallað er um heimilisfasta aðila er sett fram það viðbótarviðmið að ef fyrirtæki hefur aðalskrifstofur (head or main office) sínar í Suður-Kóreu þá telst það heimilisfast þar. Þetta ákvæði kemur úr innlendri kóreanskri löggjöf. Í 15. gr. er ákvæði um sjálfstæða persónulega þjónustu en Kórea lagði mikla áherslu á það þar sem samkvæmt innlendri löggjöf þarf að flokka á milli sjálfstæðrar starfsemi og hagnaðar af atvinnustarfsemi þar sem um það gilda mismunandi reglur. Samningurinn inniheldur ákvæði um skattleysi kennara og rannsóknaraðila í hinu ríkinu í 2 ár frá komu til samningsríkis. Samkvæmt kóreanskri löggjöf eru kennarar taldir heimilisfastir í Suður-Kóreu og því skattlagðir þar þótt þeir fari og kenni erlendis í þann tíma sem fjallað er um í umræddum ákvæðum tvísköttunarsamninga.

Á næstu mánuðum munu stjórnvöld vinna að fullgildingu samningsins í báðum samningsríkjum. Vonast er til að samningurinn geti komið til framkvæmda 1. janúar 2009.

Stór áfangi í þróun rafræna skilríkja

Ein helsta forsendan fyrir útbreiðslu rafrænnar þjónustu er að rafræn málsmeðferð njóti sama trausts og hefðbundin málsmeðferð. Traustið felst í því að öryggi, trúnaður og festa við meðferð mála séu óháð því hvaða aðferð er notuð. Mikilvæg forsenda fyrir því trausti er að aðilar sem stunda rafræn viðskipti séu vottaðir og þær upplýsingar sem miðlað er séu varðveittar.

Síðastliðin ár hafa fjármálaráðuneytið, fyrir hönd ríkisins, og Auðkenni hf., fyrir hönd banka og sparisjóða, átt í samstarfi um útbreiðslu rafræna skilríkja á debetkortum. Í samstarfssamningi þessara aðila er kveðið á um að fjármálaráðuneytið stofni og beri ábyrgð á sérstakri vottunarrót fyrir Ísland. Þriðjudaginn 20. maí 2008 var slíki vottunarrót komið á fót með stofnun svonefndrar Íslandsrótar.

Íslandsrót er efst í stigveldi trausts í skipulagi um rafræn skilríki, svokölluðu dreifilyklaskipulagi. Með dreifilyklaskipulagi er m.a. átt við það skipulag sem þarf til að framleiða skilríki. Mikilvægur þáttur í útbreiðslu rafræna skilríkja er að notendur geti treyst á og staðfest með auðveldum hætti heilleika rafrænna auðkenninga og undirskrifta og að traustur aðili sé tilbúinn til að votta þann heilleika. Íslandsrót er starfrækt af sérstakri vottunarstöð Íslandsrótar sem fjármálaráðuneytið hefur umsjón með og er uppruni trausts í dreifilyklaskipulagi.

Á grunni Íslandsrótar verður nú hægt að gefa út svokölluð milliskilríki sem eru hugsuð sem vottunarstöð fyrir útgáfu endaskilríkja. Endaskilríki geta verið persónutengd sem einka- eða starfsmannaskilríki. Rafræn skilríki á debetkortum eru dæmi um slík skilríki. Endaskilríki geta einnig verið ótengd persónum og ætlað til auðkenningar á búnaði, tölvukerfi eða skipulagseiningu, t.d. félagi, sviði eða deild í fyrirtæki.

Með almennri útbreiðslu rafræna skilríkja á debetkortum, útgáfu starfsmannaskilríkja og útgáfu annarra rafræna skilríkja verður Íslandsrótin í lykilhutverki í traustu rafrænu samfélagi á Íslandi.

Stofnun og starfræksla Íslandsrótar er tvímælaust einn stærsti áfangi í samstarfsverkefni um útgáfu rafræna skilríkja.



ÍSLANDSRÓT

Tekjur ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Skatttekjur og trygg.gjöld	18,2	6,7
Skattar á tekjur og hagnað	20,2	8,7
Eignarskattar	-10,5	-16,0
Skattar á vöru og þjónustu	18,7	5,0
Tryggingagjöld	11,7	3,8
Tekjur alls	19,6	7,2

Gjöld ríkissjóðs janúar – mars		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	21,6	9,1
Heilbrigðismál	12,1	8,3
Alm.trygg. & velferðarmál	16,8	5,1
Efnahags- og atvinnumál	27,9	2,9
Menntamál	9,2	12,5
Gjöld alls	17,3	9,3

Afkoma ríkissjóðs janúar – mars		
Milljónir króna	2007	2008
Handbært fé frá rekstri	30.357	37.763
Hreinn lánsfjárfjórðuður	-1.663	35.457
Afborgun lána	-31.921	-808
Brúttó lánsfjárfjórðuður	-34.574	33.659
Lántökur	43.753	-322
Breyting á handbæru fé	9.180	33.337

Ýmsar hagtölur		
12 mánaða breyting (%)	2007	2008
Verðbólga (apríl)	5,3	11,8
Kjarnaverðbólga (apríl)	6,4	10,4
Launavísitala (apríl)	9,8	8,2
Heildarvelta (jan.-febr.)	16,2	9,0
Smásöluvelta (jan.-febr.)	4,2	7,3
Atv.leysi, árst.leiðr. (apríl)	1,1	1,0